

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 21/2019

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/751 frá 29. apríl 2015 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31k. **32015 R 0751**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/751 frá 29. apríl 2015 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í b-lið 2. mgr. 3. gr. orðast „8. júní 2015“ sem „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2019 frá 8. febrúar 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- b) Í 2. mgr. 16. gr. orðast „fram til 9. desember 2016“ sem „í eitt ár frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2019 frá 8. febrúar 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/751, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.